

## GJALDSKRÁ fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggðar.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt nr. 845/2021 um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð.

### 2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda og annarra búfjáreigenda með skráðan bústofn og komið í víðeigendi meðhöndlun. Farin verður ein ferð í viku að jafnaði.

### 3. gr.

Gjald vegna hirðingu og eyðingar á dýrahæjum er innheimt af bújörðum, hesthúsum og öðrum aðilum sem eru með skráðan bústofn og er árlega sem hér á eftir segir (miðað við hausttölur ár hvert, upplýsingar frá Matvælaráðuneyti). Eitt hross reiknast sem þrjár ær og einn nautgripur sem fimm ær.

a) Sauðfé<20	kr.	23.710
b) Sauðfé 21 – 40	kr.	67.487
c) Sauðfé 41 – 80	kr.	89.398
d) Sauðfé> 80	kr.	106.928

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 17. desember 2024 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð nr.12/2024.

Búðardal, 02.01.2025

Björn Bjarki Þorsteinsson  
sveitarstjóri